

Vígsla Akurskóla

Akurskóli var formlega vígður 9. nóvember síðastliðinn. Mikill fjöldi mætti til vígslunnar og má áætla að hátt í 300 manns hafi verið viðstaddir. Athöfnin hófst á því að öll börn skólans sungu fyrir gesti þrjú lög.



Að því loknu sagði Árni Sigfússon, bæjarstjóri nokkur orð. Eiríkur Hermannsson fræðslustjóri og Ragnar Atli Guðmundsson,

framkvæmdastjóri EFF voru næstir á mælendaskrá. Ellen Hilda Sigurðardóttir, nemandi við Akurskóla, afhenti Jónínu Ágústsdóttur skólustjóra skófluna sem hún notaði þegar fyrsta skóflustunga var tekinn af skólanum. Því næst stigu í pontu fulltrúar frá foreldrafélagi skólans, Systrafélaginu, Hjalta Guðmundssyni ehf.

Séra Baldur Rafn Sigurðsson blessaði því næst skólann og færði honum forláta biblíu að gjöf. Jónína Ágústsdóttir skólustjóri flutti síðan stutt ávarp. Kór Akurskóla söng tvö



lög fyrir gesti og að því loknu bauð EFF uppá kaffi og köku. Skólanum hlotnaðist margar fallegar og nytsamlegar gjafir sem eflaust eiga eftir að koma sér vel þegar fram líða stundir.

Nafnasamkeppnin

Eins og þið hafið eflaust séð hefur fréttablaðið okkar fengið nafn og verður það kallað Korníð héðan í frá. Nafnið var valið úr fjölda innsendra hugmynda frá nemendum. Sett var saman



Dómnefndin sat sveitt við störf sín

dómnefnd sem skipuð var 5 nemendum, ritara skólans og aðstoðarskólustjóra. Nefndin skoðaði þau nöfn sem send voru inn og var sammála um að nafnið Korníð ætti vel við nafn skólans. Varð það því fyrir valinu. Þeir nemendur sem sendu inn þá hugmynd voru þær Tinna Björg Ísaksdóttir og Sigurlaug Ósk Eiríksdóttir, báðar í Silungum.

Þemadagar

Þemadagar tengdir hafinu og lífríki þess voru haldnir dagana 7. til 14. nóvember. Fengu nemendur að velja sér hópa og var í boði að vinna með spendýr hafsins, fuglana og fiskana.

Vikan hófst með því að allir nemendur Akurskóla fóru í heimsókn í Fræðasetrið í Sandgerði. Síðan var hafist handa við hin ýmsu verkefni. Nemendur fræddust um hafið, í heimsókn kom Tómas Knútsson frá Bláa hernum og sagði þeim frá ferðalögum sínum um hafið og frá starfi sínu í umhverfismálum. Allir hóparnir tóku þátt í matarkynningum þar sem þeir kynntu fyrir samnemendum sínu ýmsa rétti unna úr fiski, hvalkjöti og eggjum.

Alla vikuna var unnið af kappi og varð útkoman úr starfinu mikil sýning sem foreldrum var boðið að sjá í tengslum við dag íslenskrar tungu. Á sýningu þessari mátti m.a. líta steypireyðiskálf í fullri stærð, fuglabjarg og veiðafæri full af fiski, svo eitthvað sé nefnt.

Bekkjarkvöld eldri nemenda

Laxar og Silungar



Nú eru bekkjarfulltrúar í Silunga og Laxahóp búnir að undirbúa fyrsta kvöldið fyrir eldri nemendum og verður það í skólanum næsta miðvikudag á milli kl. 17 og 19.30. Ætlunin er að horfa á mynd saman (jólamynd) og svo verður pizza og ½ líter af gosi. Þetta kostar 350 kr. fyrir hvern og verða þeir

sem að ætla að mæta að koma með pening í síðasta lagi á þriðjudeginum svo það sé hægt að ganga frá pöntun tímanlega.



Akurskjóli

Í skólanum er starfræktur frístundaskólinn Akurskjól. Þar er margt skemmtilegt brallað og börnin skemmta sér konunglega við leik og störf. Núna eru þau að vinna í skemmtilegu verkefni við að útbúa sitt eigið draumaland. Allir fá að setja inn í landið það sem þau vildu hafa í sínu draumalandi. Eins og aðrir frístundaskólar bæjarins er farið í Reykjaneshöllina hálfsmánaðarlega, aðstaðan í heimilisfræðistofunni er nýtt við bakstur og nýverið var haldið náttfatapartý/furðufataball. Eins og sjá má á myndunum er voða gaman í Akurskjóli.



Myndir frá þemavikunni



Desembermánuður

Nú er aðventan eða jólafastan hafin og var kveikt á fyrsta aðventukertinu s.l. sunnudag. Það kerti er kallað Spádómskerti og er þá verið að vísa í spádómana um fæðingu Jesú. Annað kerti er Betlehemkerti, minnir á fæðingarborg Jesú. Hirðakertið er það þriðja og er kerti



gleðinnar og fjórða og síðasta kertið er Englakertið, kerti friðar. Aðventan (adventus= koma kristis) er jú u n d i r b ú n i n g s t í m i jólahátíðarinnar og munum við vera með okkar undirbúning hér í skólanum. Stefnum að því að vera á rólegu nótonum og minnst þess af hverju við höldum þessa hátíð.

Skólaþróun

Föstudaginn 18. nóvember var starfsdagur hjá kennurum skólans. Allir kennarar og stjórnendur skólans lögðu land undir fót og skelltu sér á Selfoss en þar fór fram stofnþing samtaka áhugafólks um skólaþróun. Þar voru m.a. fyrirlestrar um sveigjanlega nýtingu kennslurýmis, mat í einstaklingsmiðuðu námi,

teymiskennslu, hvernig unnt er að auka sjálfstæði og ábyrgð unglinga í námi og samkenndu aldurs hópa svo eitthvað sé nefnt. Inngangsfyrirlesari þingsins var Barry C. Murphy, skólastjóri og kennsluráðgjafi en hann talaði um þátt kennara í skólaþróuninni. Erindi hans hét: The Leadership Role of Teachers in School

Improvement. Að lokum voru samtökin formlega stofnuð og var allur hópurinn úr Akurskóla þátttakandi í því. Benda má á að samtök þessi eru opin öllum þeim sem áhuga hafa á skólaþróun og má nálgast frekari upplýsingar um samtökin á netsíðu þeirra <http://vefir.khi.is/skolathroun>

Stærðfræðipraut Nóvembermánaðar

Í Akurskóla eru 108 nemendaskápar en einungis 92 nemendur. Hvað eru margir skápar ekki í notkun?

Af heildarnemendafjöldanum eru 48 strákar. Hvað eru margar stelpur í Akurskóla?

Í Löxum og Silungum eru 44 nemendur. 19 eru stelpur, hvað eru þá margir strákar?

Kópar, Kiðlingar og Hvolpar eru samtals 48. Strákarnir eru 23 en stelpurnar eru tveimur fleiri. Hvað eru stelpurnar margar?


Í skólanum starfa 9 kennarar. Hvað eru samtals margir nemendur og kennarar í Akurskóla?

Á bókasafni Akurskóla eru 555 bækur. Ef að hver nemandi tekur 4 bækur með sér heim, hvað verða þá margar bækur eftir á bókasafninu?

En ef að allir strákarnir taka 6 bækur en stelpurnar 4 bækur?

Dregið verður úr réttum lausnum - skilist í kassann fyrir utan skrifstofu skólans.

...börn eru gleðigjafar,
skapandi og fróðleiksfús...



Akurskóli á verðlaunapall!

Laugardaginn 12. nóvember var haldin alþjóðleg Legokeppni í húsakynnum Marels í Garðabæ. Keppnin nefnist "First Lego League" og hefur slegið í gegn bæði vestanhafs og austan. Markmið hennar er að efla tækni- og raunvísindaáhuga barna á grunnskólastigi. Keppendur eru á aldrinum 10 til 16 ára og hvert lið samanstóð af 6-12 börnum og a.m.k. einum fullorðnum liðsstjóra. Það lið sem vann keppnina á Íslandi, hefur verið boðið til Noregs í úrslitakeppni Norðurlandanna. Tíu manna lið úr Akurskóla tók þátt í keppninni og gekk þeim vel. Þrautirnar sem liðin tókust

á við að þessu sinni tengdust hafinu og unnu strákarnir okkar, Krabbarnir, sem allir koma úr 6. bekk (11. ára), hörðum höndum að undirbúningi síðastliðna tvo mánuði. Unnu þeir til verðlauna fyrir samvinnu liðsins. Við viljum óska þeim innilega til hamingju. Hægt er að finna frekari upplýsingar um Norðurlandakeppnina á www.hjernekraft.org.



Verðlaunabikarinn góði

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Akurskóla 16. nóvember á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar. Elstu tveir bekkir skólans skunduðu á bókmenntaþing ungra barna sem var haldið í Kirkjulundi á milli 10 og 12. Þar hlýddu þau á erindi nemenda úr nokkrum skólum af suðvesturhorninu auk

upplesturs rithöfunda úr bókum sínum. Á meðan var dagurinn haldinn hátíðlegur í skólanum. Var hátíðardagskrá á sal skólans þar sem leikskólabörnin af Holti komu á sal ásamt yngri nemendum skólans. Þar var sungið, ljóðaupplestur og spilað á hljóðfæri. Á meðan á þessari dagskrá stóð fengum við góðan

gest í heimsókn, enga aðra en hana Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Hún kom ásamt fríðu föruneyti bæjarstjóra, fræðslustjóra og fylgdarliði. Hún hlustaði á börnin, skoðaði skólann, og sagði að þetta væri einn fallegasti skóli sem að hún hefði komið í.

Smá Korn

